

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Njáli Trausta Friðbertssyni um hótanir og ofbeldi gagnvart starfsmönnum lögreglu, ákærvalds og dómsvalds.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg atvik hótana og ofbeldis gagnvart starfsmönnum lögreglunnar hafa átt sér stað á ári hverju frá 2013? Óskað er sundurliðunar eftir lögregluumdæmum.*
2. *Hversu mörg atvik hótana og ofbeldis gagnvart starfsmönnum ákærvaldsins hafa átt sér stað á ári hverju frá 2013? Óskað er sundurliðunar eftir embættum.*
3. *Hversu mörg atvik hótana og ofbeldis gagnvart handhöfum dómsvaldsins og starfsmönnum dómstóla hafa átt sér stað á ári hverju frá 2013? Óskað er sundurliðunar eftir dómstólum.*

Við vinnslu svarsins óskaði dómsmálaráðuneytið eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra. Svárið byggist á þeim upplýsingum.

Hótanir og ofbeldi gagnvart opinberum starfsmönnum kunna að varða við 106. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Í lögreglukerfinu (LÖKE) er við skráningu um ætluð brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga gerður greinarmunur á því hvort ofbeldið beinist gegn lögreglumönnum eða öðrum opinberum starfsmönnum. Einnig er í lögreglukerfinu gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða hótun um ofbeldi eða ofbeldi og að lokum hjá hvaða lögregluembætti málið er skráð, sbr. 6. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Upplýsingarnar hér á eftir ná yfir tímabilið 2013–2023 og miðað er við skráningartíma brots. Um er að ræða öll brot sem tilkynnt voru lögreglu, óháð því hvort gefin var út ákæra eða ekki. Gögnin voru tekin úr lögreglukerfinu 6. mars 2024. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra er ekki unnt að taka upplýsingarnar úr kerfinu með einföldum hætti eftir einstökum starfsheitum opinberra starfsmanna. Slíka skráningu þyrfti að handvinna með því að skoða hvert einstakt mál í lögreglukerfinu til þess að finna nánari upplýsingar um starfsheiti brotþola, ef um er að ræða aðra en lögreglumenn. Af þeim sökum er ekki unnt að svara fyrirspurninni með þeirri sundurgreiningu sem óskað er eftir en þó unnt að aðgreina upplýsingar eftir því hvort um er að ræða brot gegn lögreglumanni eða öðrum opinberum starfsmanni, þar sem það er aðgreint sérstaklega í LÖKE. Eftirfarandi töflur eru því framsett- ar með þeim hætti að einungis er aðgreint eftir því hvort um er að ræða lögreglumenn eða aðra opinbera starfsmenn.

Tafla 1: Brot gegn öllum opinberum starfsmönnum. Brot sem varðar við 106. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eftir því hvort um er að ræða hótun um ofbeldi eða ofbeldi:

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni	57	50	48	38	48	62	60	54	59	74	57
Hótun um ofbeldi gagnvart öðrum opinberum starfsmönnum	15	10	11	13	16	14	28	22	33	12	28
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	68	85	86	67	87	105	97	87	93	101	121
Ofbeldi gagnvart öðrum opinberum starfsmönnum	6	11	10	6	13	15	23	12	25	24	50
Samtals	146	156	155	124	164	196	208	175	210	211	256

Tafla 2: Brot gegn öllum opinberum starfsmönnum, þ.m.t. lögreglumönnum. Brot sem varða við 106. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, greint eftir lögregluembættum:

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Austurland	10	4	2	0	4	2	4	7	2	2	4
Héraðssaksóknari	0	0	0	3	4	4	7	7	9	13	32
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	99	104	106	81	112	148	148	111	140	124	120
Norðurland eystra	8	12	11	12	17	12	11	18	20	28	50
Norðurland vestra	0	1	0	1	0	4	2	2	0	4	2
Ríkislögreglustjóri	0	0	0	1	0	0	0	0	3	1	0
Suðurland	10	13	17	6	4	8	14	10	16	14	21
Suðurnes	4	12	10	14	13	7	12	10	9	12	15
Vestfirðir	6	5	1	3	5	1	4	3	5	3	4
Vestmannaeyjar	2	2	3	1	1	6	3	1	1	2	1
Vesturland	7	3	5	2	4	4	3	6	5	8	7
Samtals	146	156	155	124	164	196	208	175	210	211	256

Tafla 3: Brot gegn lögreglumönnum. Brot sem varða við 106. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, greint eftir lögregluembættum:

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Austurland	10	4	1	0	4	1	2	6	2	2	3
Héraðssaksóknari	0	0	0	3	3	3	5	4	1	2	0
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	93	93	92	68	90	129	120	93	117	108	101
Norðurland eystra	6	9	9	8	14	9	7	12	13	26	39
Norðurland vestra	0	1	0	1	0	4	2	2	0	4	2
Ríkislögreglustjóri	0	0	0	1	0	0	0	0	1	0	0
Suðurland	1	6	15	5	3	7	5	7	4	11	10
Suðurnes	2	12	8	14	12	5	10	8	7	11	14
Vestfirðir	5	5	1	3	5	1	1	3	3	3	4
Vestmannaeyjar	2	2	3	1	1	6	3	1	1	2	0
Vesturland	6	3	5	1	3	2	2	5	3	6	5
Samtals	125	135	134	105	135	167	157	141	152	175	178

Tafla 4: Brot gegn öðrum opinberum starfsmönnum en lögreglumönnum. Brot sem varða við 106. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, greint eftir lögregluembættum:

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Austurland	0	0	1	0	0	1	2	1	0	0	1
Héraðssaksóknari	0	0	0	0	1	1	2	3	8	11	32
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	6	11	14	13	22	19	28	18	23	16	19
Norðurland eystra	2	3	2	4	3	3	4	6	7	2	11
Norðurland vestra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ríkislögreglustjóri	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	0
Suðurland	9	7	2	1	1	1	9	3	12	3	11
Suðurnes	2	0	2	0	1	2	2	2	2	1	1
Vestfirðir	1	0	0	0	0	0	3	0	2	0	0
Vestmannaeyjar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Vesturland	1	0	0	1	1	2	1	1	2	2	2
Samtals	21	21	21	19	29	29	51	34	58	36	78